

N-lax ehf.  
Laxamýri  
641 Húsavík

22. desember 2025  
UOS2501552/M.S.

## Efni: Reglubundið eftirlit þann 6. nóvember 2025 – ID 356

Þann 6 nóvember sl. fór fram reglubundið eftirlit í N-lax ehf. Auðbrekku, Húsavík. Í samræmi við 57. grein reglugerðar nr. 550/2018 um losun frá atvinnurekstri og mengunarvarnaeftirlit, sendist meðfylgjandi eftirlitsskýrsla.

### Þrjú frávík komu fram er varða:

1. Gr. 4.3 í starfsleyfi. Rekstraraðili skal senda Umhverfis- og orkustofnun niðurstöður skráninga og mælinga, sbr. gr. 4.1 og 4.3 fyrir 1. maí ár hvert fyrir undangengið almanaksár. Niðurstöðum sýnatöku úr frárennslis vegna losunar hefur ekki verið skilað.
2. Gr. 4.3 í starfsleyfi. Mæla skal magn heildar fosfórs (P-total) og heildar köfnunarefnis (N-total) við útrás frárennslis frá stöðinni við hámarksfóðrun (hámarksvöxt). Mælingum hefur ekki verið skilað.
3. 4.4 í starfsleyfi. Rekstraraðili skal taka saman ársyfirlit og senda eftirlitsaðila fyrir 1. maí ár hvert. Fullnægjandi ársyfirliti hefur ekki verið skilað.

Umhverfis- og orkustofnun óskar í því sambandi eftir tímasettri áætlun um úrbætur á framangreindum atriðum í samræmi við 58. grein reglugerðar nr. 550/2018 og að áætlunin berist stofnuninni eigi síðar en 19. janúar 2026.

Virðingarfyllst,

*María Svavarsdóttir*

Teymi eftirlits

*Sigríður Magnúsdóttir*

Teymi eftirlits